

**Lokamót kjölbáta**  
**Siglingafélagið Ýmir**  
**4-5 september 2021**  
**Reykjavíkurbörn - Fossvogur**  
**TILKYNNING UM KEPPNI**

**1 REGLUR**

- 1.1 Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum*.
- 1.2 Kappsiglingafyrirmæli mótsins og SÍL gilda einnig. Keppendur þurfa að taka tillit til þeirra sóttvarnartakmarkana sem kunna að verða í gildi á tímabilinu.
- 1.3 Keppnin verður ekki haldin ef keppnisstjórn hefur ekki yfirsjón yfir keppnissvæðið vegna skerðingar á skyggni.
- 1.4 Ef tungumálum ber ekki saman skal enska útgáfa textans gilda.
- 1.5 Þegar regla 20 gildir, má bátur gefa til kynna þörf fyrir rúm til að staggvenda t.d. með kalli eða bendingum.

**2 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI**

- 2.1 Keppnin verður með hefðbundnu sniði. Startað verður á ytri höfninni í Reykavík, siglt út fyrir Akureyrarbauju og hefðbundin siglingaleið í þessari keppni inn Skerjafjörð með Álftanesbauju á bakborða. Marklína verður fyrir utan Ýmishöfn.

**3 SAMSKITPI**

- 3.1 Keppnisstjórn notar rás 74 fyrir öll samskipti
- 3.2 Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðaratilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma

**4 HLUTGENGI OG ÞÁTTTAKA**

- 4.1 Mótið er opið öllum bátum með gilt IRC forgjafarskírteini í forgjafakeppni
- 4.2 Hlutgenga báta má skrá með því að senda eftirfarandi upplýsingar ásamt staðfesingu á greiðslu skráningargjalds til [adalsteinn@lyfja.is](mailto:adalsteinn@lyfja.is) fyrir 1. september 2021:  
Nafn báts, nöfn, kennitölur og félög skipstjóra og áhafnar, símanúmer skipstjóra, seglanúmer, forgjöf og félag sem keppt er fyrir. Taka skal fram þann fjölda keppenda sem verður um borð.
- 4.4 Skráning telst ekki gild fyrr en öllum skráningarskilyrðum er fullnægt og þáttökugjald hefur verið greitt.

**5 ÞÁTTTÖKUGJALD**

- 5.1 Áskilin gjöld eru eftirfarandi  
Þáttökugjald á hvern keppanda er kr. 2500. Innifalið eru kaffiveitingar í félagsheimili Ýmis eftir keppni ef það verður heimilt samkvæmt gildandi sóttvarnartakmörkunum.  
Gjaldið hækkar í kr. 3000 ef skráning berst eftir 1 september. Gjald greiðist inn á reikning: 536 - 26- 6634 Kt.: 470576-0659

**6 AUGLÝSINGAR**

- 6.1 Bátar gætu þurft að sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

## **7 TÍMAÁÆTLUN**

- 7.1** Skráningu skal vera lokið fyrir keppni.  
4. september 2021 Skipstjórafundur kl. 9:00  
Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni er áætlað kl. 10:00 Ekki verður ræst eftir kl. 14:00  
Afhending verðlauna verður að lokinni keppni í félagsheimili Ýmis  
5. september 2021 er varadagur

## **8 MÆLINGAR OG SKOÐUN**

- 8.1** Leggja skal fram gilt IRC forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

## **9 STIGAGJÖF**

- 9.1** Notað er lágstigakerfi skv A4.1 í viðauka A

## **10 PERSÓNUVERND**

- 10.1** Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.

## **11 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

- 11.1** Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.

## **12 TRYGGINGAR**

- 12.1** Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

## **13. VERÐLAUN**

- 13.1** Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu 3 sætin

## **14 FREKARI UPPLÝSINGAR**

- 14.1** Frekari upplýsingar veitir Aðalsteinn í síma 693 2221

## **20.1**

